

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfirði.

*Breyting á deiliskipulagi Valla 2. áfanga á skólalóð við Dreka­velli 9.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi Valla 2. áfanga á skólalóð við Dreka­velli 9 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að lóðir leikskóla og grunnskóla er sameinaðar í eina lóð, Dreka­velli 9. Byggingarreitir grunnskóla og íþróttahúss eru sameinaðir. Samhliða eru gerðar smávægilegar breytingar á umferðartæknilegri útfærslu götunnar og bílastæðum við Dreka­velli. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Íshellu 1-5a.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 22. mars 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Íshellu 1-5a í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að nýting lóðar á Íshellu 1 verði breytt úr iðnaðarlóð í þjónustulóð auk stækkunar og framlengingu á vegi við Íshellu. Farið var með breytinguna samkv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipu­lagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi vegna Hringhellu 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 17. maí 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Hringhellu 8 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að nýting lóðar nr. 8 við Hringhellu breytist úr þjónustulóð í iðnaðarlóð og byggingarreitur er stækkaður úr 253,5 m<sup>2</sup> í 435 m<sup>2</sup>. Farið var með breytinguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 28. júní 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.